



STARFSÁÆTLUN  
FJÖLSKYLDUSVIÐS  
HÚNAÞING VESTRA  
2025

## Ávarp sviðsstjóra

Félags- og skólaþjónusta sveitarfélaga er lögboðin. Með lögum sem heyra undir fjölskyldusvið er sveitarfélögum lagðar ríkar skyldur á herðar. Umfang og framkvæmd þjónustu er að mestu leyti á höndum sveitarstjórnar og þeirra nefnda sem hún felur framkvæmd þjónustunnar; félagsmálaráð og fræðsluráð. Við framkvæmd málaflokksins hefur fjölskyldusvið að leiðarljósi þau meginmarkmið sem birtast í lögum og samþykktum sveitarstjórnar. Samkvæmt lögum skulu markmið þjónustu sviðsins vera að veita menntun, félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar. Skal það gert með því:

- að bæta líf skjör þeirra sem standa höllum fæti,
- að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál,
- stuðla að því að fjölskyldusvið Húnaþings vestra veiti góða þjónustu með sem hagkvæmasta hætti,
- stuðla að því að þjónustan sé í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að hún sé sveigjanleg og geti mætt kröfum um breyttar áherslur, vinnulag, tækni og nýjungar og fleira,
- sjá til þess að þjónustan sé sem aðgengilegust og skilvirkust,
- vinna að því markmiði að gera góða þjónustu betri. Vera opin fyrir ábendingum, breytingum og nýjungum efla samhæfingu og samstarf við aðra sem sinna velferðarmálum innan sveitarfélagsins og utan þess,
- auka hæfni og starfsánægju starfsmanna félagsþjónustusviðs með því að stuðla að aukinni þekkingu og færni þeirra á viðfangsefninu, með því að senda starfsmenn á námskeið og ráðstefnur,
- vinna gegn fordómum og stuðla að bættri ímynd þjónustunnar með aukinni kynningu,
- leggja áherslu á ráðgjöf, forvarnir og jafnrétti til að auka þátttöku einstaklinga í samfélaginu.
- Þessu til viðbótar er leitast við að virða ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eftir því sem við á hverju sinni, gæta jafnræðis meðal kynja við úrlausn mála og samþætta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í þjónustu og regluverk sveitarfélagsins.

Fjölskyldusvið Húnaþings vestra nýtir starfsáætlun sem upplýsingar fyrir kjörna fulltrúa, uppfléttirit fyrir starfsfólk sviðsins og greiningartæki til að sinna innra mati á þjónustu og hvort hún sé í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Starfsáætlun er ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi fjölskyldusviðs og helstu markmið hvers málaflokks sem heyrir undir sviðið.

Sigurður Þór Ágústsson

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Húnaþings vestra

1 Yfirlit yfir starfsemi 2023 - 2024 .....	6
1.1 Starfsmenn.....	6
1.2 Barnaverndarþjónusta og þjónusta við fatlaða .....	7
1.3 Farsæld barna .....	7
1.4 Skipulag .....	7
1.5 Lykiltölur .....	8
1.6 Útboð .....	9
1.7 Menntastefna .....	9
1.8. Samstarfsverkefni .....	9
Gott að eldast. ....	10
Fræðslustjóri að láni. ....	10
Forvarnaáætlun Norðurlands vestra ForNor. ....	10
Skólaþjónusta. ....	10
Stýrihópur fyrir foreldra með geðrænan vanda. ....	10
Öruggara Norðurland vestra.....	10
Samhæfingarteymi vegna örorku og endurhæfingar.....	10
1.9 Regluleg verkefni .....	11
1.10 Tengslafulltrúi .....	12
1.11 Skipting fjármagns .....	12
2 Barnavernd .....	13
2.1 Tilkynningar .....	13
3. Félagsþjónusta .....	14
3.1 Félagsleg ráðgjöf.....	14
3.2 Fjárhagsaðstoð.....	14
4. Þjónusta við eldri borgara.....	15
4.1 Félagsleg heimaþjónusta .....	15
4.2 Dagdvöl á HVE Hvammstanga .....	16
4.3 Félagsstarf.....	16
5. Þjónusta við fatlað fólk .....	17

5.1 Búsetuþjónusta .....	17
5.2 Akstursþjónusta .....	17
5.3 Iðja– atvinna, hæfing .....	18
5.4 Notendastýrð persónuleg aðstoð .....	18
6 Þjónusta við börn .....	18
6.1 Einstaklingsstuðningur (liðveisla) .....	18
6.2 Skammtímadvöl .....	19
6.3 Stuðningsfjölskyldur .....	19
6.5 Stýrihópur um forvarnir .....	20
6.7 Félagsleg húsnæðismál .....	20
6.8 Sérstakur húsnæðisstuðningur .....	20
6.9 Félagslegt leiguhúsnæði .....	20
7. Menntamál .....	20
7.1 Grunnskóli .....	20
7.2 Leikskóli .....	21
7.3 Tónlistarskóli .....	21
7.4 Dreifnám .....	22
7.5 Skólabúðir að Reykjum. ....	22
8. Umbótáætlun – 3 ára áætlun .....	23
8.1 Úttekt á fjölskyldusviði .....	23
8.2 Stjórnsýsla, skipulag og mönnun .....	23
8.3 Þjónusta og framkvæmd hennar .....	24
8.4 Innra mat og lagalegt umhverfi .....	25
6.3 Stuðningsfjölskyldur .....	24
6.5 Stýrihópur um forvarnir .....	25
6.7 Félagsleg húsnæðismál .....	25
6.8 Sérstakur húsnæðisstuðningur .....	25
6.9 Félagslegt leiguhúsnæði .....	26
7. Menntamál .....	26

7.1 Grunnskóli.....	26
7.2 Leikskóli.....	26
7.3 Tónlistarskóli.....	27
7.4 Dreifnám .....	27
7.5 Skólabúðir að Reykjum. ....	28
8. Umbótáætlun – 3 ára áætlun .....	28
8.1 Úttekt á fjölskyldusviði .....	28
8.2 Stjórnsýsla, skipulag og mönnun .....	29
8.3 Þjónusta og framkvæmd hennar .....	30
8.4 Innra mat og lagalegt umhverfi .....	30

# 1 Yfirlit yfir starfsemi 2023 - 2024

Markmið með framkvæmd þjónustu sem fjölskyldusvið veitir er að stuðla að félagslegu og fjárhagslegu öryggi íbúa Húnaþings vestra með velferð þeirra í huga. Sviðið sinnir margvíslegum verkefnum. Má þar til dæmis nefna almenna félagsþjónustu, eins og félagslega ráðgjöf og fjárhagslega aðstoð og barnaverndarstarf. Sviðið ber ábyrgð á velferðarþjónustu fatlaðs fólks og eldri borgara sem og félagslegum húsnæðismálum. Þá falla grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli undir sviðið sem og íþróttá- og æskulýðsmál.

## 1.1 Starfsmenn

Síðasti vetur var nýttur til að horfa til starfsmannahalds og hvort stöðuhlutföll ráðgjafa og þroskaþjálfara væru fullnægjandi fyrir þá þjónustu sem veitt er. Miðað við umfang þjónustu sem veitt er í grunnskóla og leikskóla er æskilegt að fá meiri þjónustu þroska og/eða iðjuþjálfara. Það verður skoðað með tilliti til samþættrar skólaþjónustu á stærra svæði í samræmi við frumvarp til laga um inngildandi menntun. Einnig er álag meira í ráðgjöf við fatlað fólk eftir að ekki var ráðið í 50% ráðgjafa í málefnum fatlaðra og verkefnin deildust á tvo starfsmenn sviðsins. Verið er að skoða tilfærslu á málastjórnverkefnum í farsæld til að minnka þetta álag.

Í maí hóf störf tengslafulltrúi í fullu starfi. Tengslafulltrúi mun starfa með ungmennum í Húnaþingi vestra í samræmi við áherslur farsældarlaga og er tengiliður þeirra við stjórnkerfi og stofnanir. Hann mun leitast við að aðstoða ungmenni við að finna ástríðu sína og vinna að henni með fjölbreyttu tómsundastarfi og stuðningi. Hann mun hvetja ungmenni til þátttöku og verða málsvári þeirra í málum sem þau varða, tala fyrir hugmyndum þeirra í sveitarfélaginu og hvetja til virkni og þátttöku.

Tengslafulltrúi mun einnig vinna í samráði við sveitarfélagið og íbúa að þróun og uppbyggingu samfélagsmiðstöðvar í Félagsheimilinu Hvammstanga sem hugsuð er fyrir fjölbreytt tómsundastarf ungmenna og annarra íbúa sveitarfélagsins.

Á árinu 2024 eru starfsmenn á skrifstofu sviðsins 5 í 4,75. Þroskaþjálfari og ráðgjafi eru að mestu leyti staðsettir í grunnskóla.

### Starfsmenn á skrifstofu fjölskyldusviðs í september í 4,75 stöðugildum 2023 eru:

Félagsráðgjafi	Henrike Wappler
Ráðgjafi	Faney Dögg Indriðadóttir
Sálfræðingur	Anton Scheel Birgisson
Sviðsstjóri	Sigurður Þór Ágústsson
Tengslafulltrúi	Jóhann Örn Finnsson
Þroskaþjálfari	Ingveldur Ása Konráðsdóttir

### Aðrir starfsmenn fjölskyldusviðs í september í 1,8 stöðugildum 2023 eru:

Félagsleg heimaþjónusta	Svava Magnúsdóttir
Félagsleg heimaþjónusta	Þórunn Guðfinna Sveinsdóttir
Félagsleg heimaþjónusta	Elsa Rut Róbertsdóttir
Félagsleg heimaþjónusta	Jónína Sigurðardóttir

Föndurstarf í Nestúni

Stella Bára Guðbjörnsdóttir

Heimkeyrsla á mat

Marin Sigurbjörg Karlsdóttir

## 1.2 Barnaverndarþjónusta og þjónusta við fatlaða

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi ný lög um barnaverndarþjónustur og Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands sinnir barnavernd Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í samstarfinu og ber ábyrgð á málaflokknum. Meðferðarfundir barnaverndarþjónustunnar eru haldnir vikulega og starfsmenn í hverju sveitarfélagi vinna barnaverndarmál í samræmi við ákvarðanir þeirra funda.

Einnig var undirritaður á ný samningur um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra þar sem Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag. Samningurinn er með sambærilegum hætti og undanfarin ár.

## 1.3 Farsæld barna

Farsældarteymi var stofnað 1. janúar 2023 og fundaði að jafnaði vikulega til að skipuleggja farsæld fyrir börn í Húnaþingi vestra. Upplýsingar og skipulag um farsæld má finna á heimasíðu Húnaþings vestra: <https://www.hunathing.is/is/thjonusta/velferd-fjolskylda/samthaetting-thjonustu-i-thagu-farsaeldar-barna>. Þar á finna upplýsingar um tengiliði, verkferla og hvaða þjónusta er í boði í Húnaþingi vestra. Farsældarteymi mun áfram funda og meta verklag eftir því sem fram vindur. Samþætt sumardagskrá fjölmargra aðila var starfrækt í sumar undir heitinu Krakkasveiflan. Dagskrá má nálagst [hér](#). Skráning var góð og starfið fjölbreytt og góður rómur að því gerður.

Aldur	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil	5. tímabil	6. tímabil.
1. – 4. bekkur	24	17	21	17	20	19
5. – 7. bekkur	20	8	11	9	4	10
<b>Samtals</b>	<b>42</b>	<b>25</b>	<b>34</b>	<b>23</b>	<b>24</b>	<b>29</b>

Tafla 1. Fjöldi í Krakkasveiflu

Kostnaður vegna Krakkasveiflu 2024

Liðir	Upphæð
Kostnaður	3.467.600
Styrkir	1.800.000
Tekjur	570.700

Tafla 2. Kostnaður Krakkasveiflu (5. - 7. bekkur)

## 1.4 Skipulag

Skipulag starfsemi fjölskyldusviðs fer annars vegar í gegnum rafrænt skráningarkerfi verkefna og svo fagteymisfundi fjölskyldusviðs annan hvern föstudag þar sem farið er yfir stöðu allra verkefna og einstaklingsmála. Fjöldi mála í vinnslu og lokinna mála er dregin saman í yfirliti til félagsmálaráðs og fræðsluráðs.

Mánaðarlega eru haldnir fundir með stjórnendum sem heyra undir fjölskyldusvið. Þá fundi sitja skólástjórnendur leik,- grunn- og tónlistarskóla ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Prisvar á ári (eða oftast ef þurfa þykir) eru haldnir sérstakir fundir um verkefnastöðu framkvæmda í skólum og íþróttamiðstöð. Þá fundi sitja auk stjórnenda í skólum og íþróttamiðstöð, umsjónarmaður skólamannvirkja og rekstrarstjóri. Á fundunum er farið yfir stöðu verkefna og haldin skrá yfir framkvæmdir, hvenær þeim lauk, hvað er í vinnslu og hvað stjórnendur vilja leggja áherslu á.

Að jafnaði yfir vetrarmánuðina eru sameiginlegir fundir mánaðarlega með stjórendum grunnskóla annars vegar og stjórnendum leikskóla hins vegar í A- og V Hún með sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra og fræðslustjóra Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Þar er farið yfir sameiginleg verkefni, endurmenntun, viðburði og faglegt starf.

Vikulega eru haldnir meðferðarfundir í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands og aðra hverja viku fagteymisfundir barnaverndarþjónustunnar.

Í málefnum fatlaðra eru fagteymisfundir aðra hverja viku og fagteymsifundir mánaðarlega.

Framkvæmdaráð Húnaþings vestra fundar að jafnaði vikulega.

Sumarið 2024 voru öll eyðublöð fjölskyldusviðs gerð rafræn í gegnum íbúagátt sem nú er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Eyðublöðin vistast sjálfkrafa í skjalakerfinu ONE þegar þau eru tekin til afgreiðslu og viðskiptavinir geta á sínum síðum í íbúagátt séð stöðu umsóknar sinnar.

## 1.5 Lykiltölur

	2020	2021	2022	2023	2024
<b>Starfsmenn</b>	2	2	3,5	3,75	4,75
<b>Fjárhagsáætlun (kr)</b>	12.081.708	13.064.479	24.467.289	35.775.646	38.857.133

### Framfærslustyrkur, grunnfjárhæðir og fjöldi heimila.

	2020	2021	2022	2023	2024(áætl.)
Framfærsla á mánuði:					
Einstaklingur	168.998	175.068	183.995	201.598	217.202
Hjón	270.397	280.109	294.392	322.557	347.523
Neyðaraðstoð	33.800	35.014	36.799	40.320	
Framfærsla heildarupphæð	2.188.782	1.159.028	2.200.297	201.598	1.400.000
Þar af greitt sem lán	297.000	240.982	95.000	201.598	
Fjöldi heimila	13	9	8	1	

### Fjöldi heimila með heimilisþjónustu

	2020	2021	2022	2023	2024
Fjárhagsáætlun	7.401.418	12.182.68	12.597.173	13.882.866	18.039.350
Endurgreiðsla	1.055.250	921.667	913.385	928.794	915.768
Fjöldi heimila	38	39	34	37	37
Þar af öryrkjar	7	6	4	3	3
Heimsendur matur	23	20	16	14	13
Fjöldi stöðugilda	1,75	1,6	1,6	1,6	1,6
Fjöldi starfsmanna	5	5	5	5	5



Þjónusta við fatlaða einstaklinga	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi dvalarsólahringa (einstakl.)	99 (4)	130(4-5)	216 (6)		
Fjöldi notenda á biðlista					
Skammtímadvöl	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi notenda	3	3	2	2	2
Fjöldi dvalarsólahringa	111	163	-	-	
Lengd viðvera	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi notenda	2	3	3	2	2
Fjöldi starfsmanna	2	3	3	2	2
Örorkuvinnusamningar	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi notenda	4	5	5	5	6
með stuðning	1				
án stuðnings	4	5	5	5	6
Fjöldi notenda í Iðju	4	3	4	4	4
Fjöldi notenda yfir sumarið	1	1	1		
Fjöldi notenda á biðlista					
Sumarvinna fatlaðra ungmenna	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi notenda	2	1	1		1
Fjöldi notenda á biðlista					

Tafla 3. Lykiltölur

## 1.6 Útboð

Engin hafa farið fram á árinu 2024.

## 1.7 Menntastefna

Menntastefna Húnaþings vestra var birt á heimasíðu Húnaþings vestra í apríl 2023. Stefnan gildir um allt skólastarf í Húnaþingi vestra og nær því yfir leik-, grunn- og tónlistarskóla auk frístundastarfs. Hún er fyrst og fremst stefnumörkun um framtíðarsýn sveitarfélagsins og út frá henni eru lagðar fram árlegar framkvæmdáætlanir. Á sameiginlegum starfsdegi í ágúst 2024 hjá grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla var farið yfir menntastefnu og hún rýnd. Afrakstur þeirrar vinnu verður unnin af stjórnendum skólanna og sviðsstjóra fjölskyldusviðs haustið 2024 og birt í kjölfarið.

## 1.8. Samstarfsverkefni

**Gott að eldast.** Samþykkt var umsókn Húnaþings vestra og Heilbrigðisstofnunar vesturlands á Hvammstanga í verkefni Gott að eldast. Verkefnið gengur út á að samþætta og sameina heimastuðning sveitarfélagsins og heimahjúkrun HVE. Undirbúningur og verkferlar hafa gengið vel og gert er ráð fyrir að samþætt heimaþjónusta taki til starfa þann 1. janúar 2025 undir stjórn HVE.

**Fræðslustjóri að láni.** Samþykkt var umsókn um verkefnið Fræðslustjóri að láni með Skagaströnd og Húnabyggð. Markmið verkefnisins er að samræma endurmenntun starfsmanna sveitarfélaganna og auka möguleika á sérhæfðari námskeiðum fyrir fámenna starfsmannahópa. Rýnivinna starfsmanna hefur farið fram og könnun meðal þeirra lögð fyrir. Haustið 2024 verður endurmenntunaráætlun unnin samkvæmt verkáætlun.

**Forvarnaáætlun Norðurlands vestra ForNor.** Einnig var samþykkt að hluta sameiginleg umsókn sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra í Sprotasjóð um samræmdar forvarnir. Það verkefni var einnig í samstarfi við SSNV, heilsugæslur og Lögreglustjórn á Norðurlandi vestra. Sameiginleg forvarnaáætlun leit dagsins ljós í sumarbyrjun 2024 og má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

**Skólaþjónusta.** Skólaþjónustur sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og Vesturlandi eru einnig að vinna að hugmyndum að sameiginlegu fjármögnunarlíkani fyrir grunnskóla. Sú vinna hófst 2023. Búið er við að vinnan færist yfir í samstarfs sem krafist er í frumvarpi um inngildandi menntun. Þar er m.a. talað um svæðisbundna skólaþjónustu sem sveitarfélög skulu eiga samstarf um.

**Stýrihópur fyrir foreldra með geðrænan vanda.** Fjölskyldusvið tekur þátt í verkefni um stýrihóp fyrir foreldra með geðrænan vanda. Markmiðið er að styðja við börn foreldra með geðrænan vanda og fjölskyldur þeirra. Það felur í sér fjölskyldusmiðjur og fræðandi hópavinnu fyrir fjölskyldur þar sem annað eða báðir foreldrar eru með geðrænan vanda. Fjölskyldusmiðjurnar eru byggðar á þremur stöðum sem alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að hjálpi við að byggja upp seiglu hjá börnum foreldra sem glíma við geðrænan vanda, þ.e. að börnin fái innsýn og skýringar á veikindum foreldra sinna, átti sig á því að þau eru ekki ein með þetta flókna viðfangsefni og að börnin fái hlutlausan fullorðinn einstakling til að tala við.

**Öruggara Norðurland vestra.** Fjölskyldusvið tekur þátt í samstarfsverkefni um Öruggara Norðurland vestra. Öruggara Norðurland vestra er svæðisbundinn samráðsvettvangur gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa. Á vinnustofunni verður unnið með þrenn þemu; farsæld barna og ungmenna á Norðurlandi vestra, ofbeldi í nánnum samböndum og einstaklingar í viðkvæmri stöðu. Að verkefninu koma lögreglan, heilsugæslur, félagsþjónustur, íþróttafélög o.fl.

**Samhæfingarteymi vegna örorku og endurhæfingar.** Í júní 2024 var samþykkt frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almennatrygginga. Þau taka gildi 1. september 2025.

Tryggingastofnun hefur haldið fundi með stjórnendum félagsþjónustu sveitarfélaga á öllu landinu og fara yfir nýtt fyrirkomulag á samstarfi milli þjónustuaðila og tekur fjölskyldusvið þátt í því. TR hefur lagt til skiptingu landsins í nokkur svæði og fundir eru boðaðir í samræmi við þá skiptingu en skiptingin er ekki endanlega ákveðin.

Aukið og bætt samstarf allra sem koma að málum endurhæfingar á að einfalda þjónustuferla verulega til þess að tryggja að fólk falli ekki á milli kerfa. Þjónustuaðilar teljast félagsþjónustur sveitarfélaga, heilsugæsla á hverjum stað, VIRK, Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun. Samhæfingarteymi munu taka til starfa en þar er gert ráð fyrir þátttöku allra þjónustuaðila meðal annars félagsþjónustum sveitarfélaga þar sem fjalla á sérstaklega um málefni einstaklinga með samsettar og flóknar þarfir fyrir þjónustu og stuðning

Tryggingastofnun hefur fengið það hlutverk að leiða samstarf þjónustuaðila sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu í því skyni að stuðla að samfellu endurhæfingar og greiðslum hjá þeim einstaklingum sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila. Þjónustuaðilar skulu gera samning um samstarf sín á milli, þar á meðal um starfsemi samhæfingarteyma, svo sem hvenær málum skuli vísað til slíkra teyma og hvernig ábyrgð mála færast á milli einstakra þjónustuaðila.

Tryggingastofnun skal starfrækja þjónustugátt þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma og til að stuðla að samfellu í þjónustu. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun haldi utan um samhæfingarteymin.

## 1.9 Regluleg verkefni

- Barnavernd
- Félagsleg heimaþjónusta.
- Félagsleg ráðgjöf til allra íbúa sveitarfélagsins.
- Félagslegar íbúðir.
- Félagsmálaráð, fræðsluráð, öldungaráð og ungmennaráð.
- Fjárhagsaðstoð.
- Forvarnir í samvinnu við.
  - grunnskóla,
  - Heilbrigðisstofnun vesturlands Hvammstanga,
  - leikskóla,
  - lögreglu,
- Málefni aldraðra.
- Málefni barna og ungmenna.
- Málefni fatlaðra í samvinnu við
  - Sveitarfélagið Skagafjörð,
  - þjónustustofnanir,
  - réttindagæslu fatlaðra.
  - einstaklinga.
- Samvinna við aðrar þjónustustofnanir.
- Skólaþjónusta.
- Utanumhald, útreikningur og greiðslur
  - sérstakar húsnæðisbætur,
  - jöfnunarsjóðsframlög,

## 1.10 Tengslafulltrúi

Sumarið 2024 var Jóhann Örn Finnsson ráðinn tengslafulltrúi Húnaþings vestra. Tengslafulltrúi starfar með ungmennum í Húnaþingi vestra í samræmi við áherslur farsældarlaga og er tengiliður þeirra við stjórnkerfi og stofnanir. Hann vinnur með þeim að því að finna ástríðu sína og vinna að henni með fjölbreyttu tómstundastarfi og stuðningi. Hann hvetur ungmenni til þátttöku og er málsvari þeirra í málum sem þau varða. Hann talar fyrir hugmyndum ungmenna í sveitarfélaginu og hvetur þau til virkni og þátttöku. Tengslafulltrúi vinnur í samráði við sveitarfélagið að þróun og uppbyggingu samfélagsmiðstöðvar í Félagsheimilinu Hvammstanga sem hugsuð er fyrir fjölbreytt tómstundastarf ungmenna og annarra íbúa sveitarfélagsins.

Verkefnið er margþætt en fyrsta skrefið er að koma upp FabLab tæknismiðju í Félagsheimilinu Hvammstanga og er undirbúningur í fullum gangi. Búið er að kaupa inn flestan búnað og langt komið að undirbúa rými á jarðhæð félagsheimilisins fyrir tæknismiðjuna. Einnig er búið að auglýsa íbúafund þann 17. september þar sem íbúum gefst tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu og þróun samfélagsmiðstöðvar í Húnaþingi vestra. Helstu áherslupættir sem unnið er að eru:

- Aðgengilegt samantekt um frístundastarf á heimasíðu.
- Klúbbastarf á skólatíma.
- Sumarstarf í Óríon.
- Ráðstefnur og heimsóknir með ungmennum.
- Samstarf og teymisvinna við skóla, vinnuskóla, félagsmiðstöð, íþróttafélög og aðra aðila í tómstundastarfi.
- Skipulag og uppsetning FabLab tæknismiðju.
- Undirbúningur samfélagsmiðstöðvar í félagsheimili.

Verkefnið er stutt af mennta- og barnamálaráðuneytinu til tveggja ára. Hugmyndin af verkefninu er sprottin frá samstarfi Húnaklúbbsins og ungmenna í Finnlandi.

## 1.11 Skipting fjármagns

Hér má sjá rekstrarniðurstöðu ársins 2023 brotna niður á helstu deildir sviðsins og samanburð við fyrri ár. Einnig má sjá áætlun ársins 2024.

Heiti	2019	2020	2021	2022	2023	2024(áætl.)
02 Félagsþjónusta	77,552,651	69,928,565	119,781,890	130,151,000	230,106,663	185,023,900
0202 Fjölskyldusvið	17,303,005	12,081,708	13,064,479	24,467,289	35,232,865	38,857,133
0211 Fjárhagsaðstoð	3,062,704	2,188,782	1,159,028	2,133,283	201,598	1,400,000
0243 Heimþjónusta	9,340,866	11,364,979	12,182,686	12,597,173	13,882,866	18,039,350
0218 Húsaleigubætur	1,305,487	3,030,065	5,790,067	6,176,817	5,549,975	7,007,637
0290 Málefni fatlaðra	23,676,000	17,982,549	57,691,972	52,810,208	49,596,949	48,414,799
03 Heilbrigðismál	1,311,012	1,343,784	1,380,060	1,413,180	1,489,500	1,572,904
04 Fræðslu- og uppeldismál	583,594,348	593,208,433	652,458,254	694,723,675	764,644,037	865,487,081
04111 Leikskólinn Ásgarður	107,392,903	110,356,297	134,102,151	153,452,870	173,204,514	203,292,101
04211 Grunnskóli Húnaþings vestra	410,661,156	421,747,658	446,855,644	489,963,927	531,067,359	583,039,190
04511 Tónlistarskóli	43,146,369	39,521,296	45,085,346	38,020,873	40,642,853	41,388,205
0440 Dreifnám	5,856,580	6,278,726	7,064,312	6,803,841	-2,565,968	7,251,970
06 Æskulýðs- og íþróttamál	93,162,788	113,048,435	106,416,084	116,543,955	118,284,545	142,409,098

Tafla 4. Skipting fjármagns.

## 2 Barnavernd

Þann 1. janúar 2023 tók Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands til starfa. Þjónustan er samstarf sex sveitarfélaga á Norðurlandi, frá Hrútafirði í vestri að Eyjafirði í austri. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands og ber ábyrgð á barnavernd í nánu samstarfi við aðildarsveitarfélögin.

Eftirfarandi sveitarfélög standa að Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands: Fjallabyggð, Húnabyggð, Húnaþings vestra, Skagabyggð, Skagafjörður og Skagaströnd.

Starfsmenn þjónustunnar eru níu og samanstanda af starfsmönnum fyrri barnaverndarnefnda sem lagðar voru niður um áramótin með nýrri löggjöf. Félagsmálastjórar umræddra sveitarfélaga mynda fagráð þjónustunnar og stýra mótun hennar. Vikulegir meðferðarfundir ákvarða málsmeðferð einstakra barnaverndarmála þar sem allir starfsmenn þjónustunnar mynda heildstætt teymi þekkingar, menntunar og reynslu.

- Anton Sheel Birgisson, sálfræðingur.
- Rakel Kemp, leiðtogi barna.
- Helga Helgadóttir, ráðgjafi félagsþjónustu.
- Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.
- Margrét Petra Ragnarsdóttir, félagsráðgjafi í barnavernd.
- Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.
- Sigrún Elva Benediktsdóttir, félagsráðgjafi í barnavernd.
- Sigrún Línal Þrastardóttir, ráðgjafi og iðjupjálfi.
- Sigurður Þór Ágústsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands er einnig aðili að Umdæmisráði landsbyggðanna, en þangað færast mál ef taka þarf ákvarðanir í andstöðu við foreldra og börn. Yfirmaður þjónustunnar er Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri Skagafjarðar. Fólk getur hringt í Neyðarlínuna, 112, og tilkynnt um óviðunandi aðstæður barna. Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Þetta er einkum gert með því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Öllum foreldrum og þeim sem hafa samskipti við börn stendur til boða almenn ráðgjöf hjá félagsráðgjafa. Ef nauðsyn þykir er unnt að bjóða upp á ýmis önnur stuðningsúrræði sem barnaverndarþjónustan hefur yfir að ráða.

Ef barn býr við óviðunandi aðstæður kemur í hlut barnaverndarþjónustu að tryggja að barnið og fjölskyldan fái nauðsynlega aðstoð. Taka þarf eftir atvikum formlega ákvörðun um að hefja könnun á málinu. Síðan eru málefni barnsins unnin á grundvelli laga um barnavernd. Börn og foreldrar njóta skýrra réttinda við vinnslu slíkra mála. Heimildir barnaverndarþjónustu eru skilgreindar í lögum og tilteknar skyldur lagðar á starfsmenn hennar. Alltaf er leitast við að tryggja réttaröryggi fjölskyldna og áhersla lögð á góða samvinnu foreldra og starfsfólks.

### 2.1 Tilkynningar

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um birtingu talnaefnis um tilkynningar og niðurbrot þeirra í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands.

### 3. Félagsþjónusta

Í þessum kafla er fjallað um þjónustu fjölskyldusviðs sem byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er hér um að ræða félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og stuðningsþjónustu.

#### 3.1 Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Við félagslega ráðgjöf er horft á að styðja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar þannig að hver og einn geti notið sín sem best í samfélaginu. Einstaklingum eru veittar leiðbeiningar um hvert er hægt að leita og hvað er hægt að gera. Einnig fá einstaklingar aðstoð við ýmiskonar umsóknir.

Félagsleg ráðgjöf fer fram í viðtölum við einstaklinga, bæði í gegnum síma og að taka á móti skjólstæðingum á skrifstofu sviðsins.


#### 3.2 Fjárhagsaðstoð

Nýjar reglur um fjárhagsaðstoð hjá Húnaþingi vestra tóku gildi 2024. Fjárhagsaðstoð er veitt til að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér, séu þeir ekki færir um það sjálfir. Fjárhagsaðstoð er alltaf veitt sem tímabundið úrræði og er neyðaraðstoð. Samhliða veitingu fjárhagsaðstoðar er veitt markviss félagsleg ráðgjöf og unnið markvisst að því að styrkja viðkomandi í leit sinni að atvinnu eða til að stunda nám og fækka þannig í hópi þeirra sem þurfa fjárhagsaðstoð að halda.

Einnig aðstoðar félagsráðgjafi einstaklinga við það ferli að sækja um endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri til Tryggingastofnunar ríkisins.

##### 3.2.1 Fjöldi styrkþega

Fjöldi heimila sveiflast nokkuð á milli ára sem þiggur fjárhagsaðstoð og að sama skapi fjárhæðir sem greiðast sem aðstoð eða lán.



Mynd 1. Fjárhagsaðstoð.

## 4. Þjónusta við eldri borgara

Þjónusta við eldri borgara í Húnaþingi vestra er mikil og fjölbreytt og einkennist samstarfi og mikilli framtakssemi eldri borgara sjálfra.

Á vegum sveitarfélagsins er starfandi öflugur samráðshópur um málefni eldri borgara, svonefnt öldungaráð, þar sem sitja fulltrúar Félags eldri borgara, kjörnir fulltrúar, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem og starfsmaður fjölskyldusviðs.

Við undirbúning framtíðarsýnar í málefnum eldri borgara var efnt til samráðsfunda 2023 með eldri borgurum. Umfjöllunarefni voru eftirfarandi:

- Húsnæðismál.
- Akstursþjónusta.
- Samþætting þjónustu sveitarfélags og heilbrigðisstofnunar.
- Fjölpætta hlutverk húsnæðis, stofnana og starf ólíkra aldurshópa.
- Heilsurækt.

Í kjölfar þessarar vinnu hefur fjölskyldusvið sett upp verkáætlun til að hrinda í framkvæmd aðgerðum og undirbúningi að fjölbreyttari og samþættri þjónustu í samræmi við ábendingar og vilja eldri borgara. Áherslur fjölskyldusviðs í málefnum eldri borgara árið 2024 eru:

- Vinna að samþættingu þjónustu í samræmi við ábendingar eldri borgara og þróunarverkefnið Gott að eldast. Þróa samþætta þjónustu, sérstaklega hvað varðar heimaþjónustu, dagþjónustu og heimahjúkrun. Undirbúningsvinnan fellur að aðgerðum A.1, A.3, B.1, B.3 og E.1 í aðgerðaráætlun stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að samþætt þjónusta taki til starfa 1. janúar 2025.
  - Samantekt af vinnufundum má nálgast á heimasíðu Húnaþings vestra <https://www.hunathing.is/static/files/Siggi/smantekt-af-vinnufundum-med-eldri-borgurum.pdf>
  - Upplýsingar um Gott að eldast má nálgast á heimasíðu stjórnarráðsins [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast\\_Adgerdaaetlun.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast_Adgerdaaetlun.pdf)
- Kanna möguleika á samþættingu akstursþjónustu sem nú þegar er til staðar með það í huga að gera einstaklingum kleift að panta akstursþjónustu.
- Halda áfram að þróa heilsueflingu fyrir eldri borgara.
- Kanna möguleika á samrekstri stofnana og félagsaðstöðu fyrir ólíka aldurshópa í samfélagsmiðstöð.

### 4.1 Félagsleg heimaþjónusta


Markmið heimaþjónustu er lögum samkvæmt að veita þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu þjónustu til að geta búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er. Starfsfólk fjölskyldusviðs og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga annast framkvæmd þjónustunnar í samvinnu. Eins og fram hefur komið í áætluninni mun ný og samþætt þjónusta taka til starfa 1. janúar 2025 undir stjórn HVE.



#### 4.1.1 Umfang og eðli þjónustunnar

Í heimaþjónustu kemur starfsfólk fjölskyldusviðs reglulega heim til fólks. Fólk fær aðstoð við þrif, innkaup og félagslegan stuðning. Sótt eru um heimaþjónustu á heimasíðu Húnaþings vestra.

Á árinu 2023 voru 30 heimili sem nýttu sér heimaþjónustu, flestir af þeim í hópi eldri borgara. 13 einstaklingar þáðu heimsendann mat á árinu 2023.



Mynd 2. Heimaþjónusta

#### 4.2 Dagdvöl á HVE Hvammstanga

Í dagdvöl á sjúkrahúsinu á Hvammstanga eru fimm almenn rými, sami fjöldi og undanfarin ár. Þau rými hafa verið vel nýtt og stundum er fleiri en fimm sem nýta þjónustuna á einum degi. Samtals eru 19 einstaklingar í þjónustu árið 2024. Heilbrigðisstofnun Vesturlands annast rekstur dagdvalar með samningi við Húnaþing vestra. Markmið starfseminnar er að efla fólk til sjálfshjálpar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Breytilegt er hversu marga daga hver einstaklingur nýtur þjónustu á deildinni og reynt eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir hvers og eins. Hlutverk dagdvalar er að bjóða einstaklingum upp á tómtundaiðju, félagslegan stuðning, mat á heilsufari, þjálfun, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í boði er akstur milli dagdvalar og heimilis, sbr. 3. lið 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þá er einnig boðið upp á hádegismat og síðdegiskaffi.

#### 4.3 Félagsstarf

Félagsstarf eldri borgara í Húnaþingi vestra fer fyrst og fremst fram í Nestúni, í Íþróttamiðstöð og fyrrum verslunarhúsi Sigurðar Pálmasonar (VSP). Stærstur hluti félagsstarfsins er drifinn áfram af Félagi eldri borgara og er aðáunarvert hversu öflugt starf félagsins er. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja félagslega einangrun og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Áhersla er lögð á öflugt félagsstarf sem mætir þörfum ólíkra hópa. Listsköpun, handmennt, spilamennska, kórstarf, leikfimi, sund og ferðalög eru dæmi um starfsemina. Ekki er unnið markvisst eftir tiltekinni hugmyndafræði en starfið fellur að hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn.



Í Nestúni er starfrækt föndurstarf á vegum sveitarfélagsins. Það fer fram frá september til maí á mánudögum og fimmtudögum frá 15:00 – 18:00. Efnistöð fara eftir áhugasviði þeirra sem sækja starfið. 12 – 15 einstaklingar sækja föndurstarfið að jafnaði og flestir þeirra eru íbúar í Nestúni þó starfið sé opið öllum. Sveitarfélagið leggur til búnað og lágmarksefni en annars greiða notendur sjálfir fyrir efni, s.s. garn.

Stefnt er að því að skoða möguleika á samþættri félagsaðstöðu í nýrri samfélagsmiðstöð í samráði við eldri borgara.

## 5. Þjónusta við fatlað fólk

Um þjónustu fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sé það í þörf fyrir hana. Auk þess getur það átt rétt á sértækri þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, séu þjónustufarir þess meiri en hægt er að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Þessi kafli fjallar um þá sértæku þjónustu sem sveitarfélagið veitir fötluðum íbúum þess í gegnum samstarfssamning sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra þar sem sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag.

Ráðgjafar er á skrifstofu fjölskyldusviðs Húnaþings vestra og viðtalstímar eru eftir samkomulagi. Einnig er hægt að bóka tíma á heimasíðu. Sumarið 2024 var upplýsingamiðlun endurbætt á heimasíðu sveitarfélagsins í samræmi við ábendingar Gæða- og eftirlitsstofnunar.

Skipting kostnaðar í samstarfinu eru annars vegar þættir sem falla undir leiðandi sveitarfélag og hins vegar þættir sem Húnaþing vestra sér sjálft um. Ráðgjafi í málefnum fatlaðra tekur við og afgreiðir allar þjónustubeiðnir hvort sem þær falla undir Skagafjörð eða Húnaþing vestra. Samráð er um þjónustubeiðnir á mánaðarlegum fagteymisundum.

Skipting kostnaðarþátta málefna fatlaðra er eftirfarandi:

Húnaþing vestra	Leiðandi sveitarfélag-Skagafjörður
Félagsleg liðveisla, að 15 tímum á viku	Frekari liðveisla, 15 tímar eða meira á viku.
Akstursþjónusta	Stuðningsfjölskyldur
Lengd viðvera	Búsetuúrræði með þjónustu.
	Námsstyrkir og verkfæra kaup.

Tafla 5. Kostnaðarskipting Húnaþings vestra og Skagafjarðar.

### 5.1 Búsetuþjónusta

Einn búsetukjarni er á Hvammstanga fyrir fatlaða í Grundartúni. Þar búa í 4 íbúðum einstaklingar sem veitt er sértæk þjónusta og stuðningur við heimilishald og athafnir daglegs lífs.

### 5.2 Akstursþjónusta

Íbúar í Húnaþingi vestra eiga ekki kost á að nýta almenningsamgöngur nema út fyrir héraðið. Fatlaðir einstaklingar eiga ekki kost á skipulagðri akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins til að geta stundað

atvinnu, nám, sótt þjálfun og notið tólmstunda. Sveitarfélagið styrkir hins vegar akstur aðstandenda sem aka fötluðum til vinnu o.þ.h.

- Á árinu 2024 verða kannaðir möguleikar þess að samþætta akstursþjónustu sem sveitarfélagið veitir með það að markmiði að einstaklingar geti pantað þjónustu.

### 5.3 Iðja– atvinna, hæfing

Á Hvammstanga er starfrækt hæfingarstöð. Markmiðið er að veita þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun. Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðs fólks til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa fólki kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega. Sem dæmi um félags- hreyfi- og líkamspjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáning og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara þegar það á við.

### 5.4 Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest sem þjónustuform við fatlað fólk með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk árið 2018. Þjónustuformið felur það í sér að notandi fær úthlutuðum stundum út frá metinni þörf sem hann nýtir til að kaupa þjónustu aðstoðarfólks. Notandinn ræður þá hvers konar þjónustu hann nýtur, hvernig hún er skipulögð, hvenær hún er veitt, af hverjum og hvar. Enginn íbúi í Húnaþingi vestra hefur nýtt sér NPA enn sem komið er.

## 6 Þjónusta við börn


Fjölskyldusvið vann nýjar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur í samræmi við VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og 8. gr., sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2022. Þær voru samþykktar af sveitarstjórn 13. apríl 2023.

Reglurnar skapa heildstæða umgjörð um stoð- og stuðningsþjónustu. Stuðningurinn er til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið.

- Fjölskyldusvið stefnir að því á árinu 2024 að skoða möguleika á útfærslu á lengdri viðveru fyrir fötluð börn í samhengi við aðra félags- og frístundaþjónustu í sveitarfélaginu.

### 6.1 Einstaklingsstuðningur

Einstaklingsstuðningur er hluti af stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og er veittur til fatlaðra barna og barna í erfiðri félagslegri stöðu frá sex ára aldri. Einnig er fullorðnum veittur félagslegur stuðningur.



Mynd 3. Fjöldi notenda.


## 6.2 Skammtímadvöl

Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni er starfrækt á Sauðárkróki í samræmi við 17. gr. laga nr. 38/2018. Börnin og ungmenni skulu eiga kost á því að njóta tímabundinnar dvalar í skammtímadvöl þegar þörf krefur. Skammtímadvöl býður upp á afþreyingu, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs. Þjónustunni er einnig ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsi.

## 6.3 Stuðningsfjölskyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að taka fatlað barn eða barn í erfiðri félagslegri stöðu í umsjá sína í skemmri tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins og auka jafnframt möguleika þess á fjölbreyttara félagslegu umhverfi. Hjá stuðningsfjölskyldu búa börnin við venjulegt fjölskylduumhverfi.

Gjald vegna þjónustu fyrir fötluð börn er greitt til stuðningsforeldra fyrir dvöl barns á sólarhring sem tekur mið af umönnunarflokki barnsins. Gjald fyrir börn í félagslega erfiðri stöðu er greitt til stuðningsforeldra fyrir dvöl barns á sólarhring samkvæmt ákvörðun ríkisins um barnalífeyri.



**Mynd 4.** Fjöldi dvalarsólhringa hjá stuðningsfjölskyldum. Ekki hafa borist tölur um fjölda sólhringa fyrir árið 2023.

## 6.5 Stýrihópur um forvarnir

Frá haustinu 2022 var stýrihópur endurvakinn með áherslu á samstarf við sveitarfélög og lögregluembætti Norðurlands vestra. Unnið er að heildstæðri forvarnaáætlun fyrir Norðurland vestra.

Í hópnum sitja sviðsstjóri, skólastjórnendur leik- og grunnskóla, skólahjúkrunarfræðingur, sóknarprestur og fulltrúi lögreglu.

## 6.7 Félagsleg húsnæðismál

Þeir sem hafa lítil fjárráð eða eiga í húsnæðisvanda geta sótt um félagslegt húsnæði eða aðra aðstoð hjá fjölskyldusviði. Þar er hægt að fá ráðgjöf um réttindi og úrræði, til að mynda aðstoð við að leita að húsnæði. Þeir sem eiga við bráðan húsnæðisvanda að etja og geta ekki sjálfir sér fyrir húsnæði af félagslegum eða fjárhagslegum orsökum geta á möguleika á úthlutun félagslegs húsnæðis.

## 6.8 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélags er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrðar eða félagslegra aðstæðna af öðru tagi. Forsenda fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélags er að fyrir liggi samþykkt um greiðslu almennra húsnæðisbóta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, að leiguhúsnæði sé staðsett í Húnaþingi vestra (nema um sé að ræða húsnæði á heimavist eða námsgörðum fyrir 15-17 ára börn vegna náms fjarri lögheimili) og að samanlagður tekjur og eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu innan þeirra viðmiða sem reglurnar segja til um.

## 6.9 Félagslegt leiguhúsnæði

Húnaþing vestra á 12 félagslegar leiguíbúðir. Félagsmálaráð úthlutar félagslegu leiguhúsnæði í samræmi við reglur og viðmið Húnaþings vestra. Síðasta úthlutun fór fram árið 2021 og þá voru 10 umsækjendur.

# 7. Menntamál

Allar menntastofnanir í Húnaþingi vestra heyra beint eða óbeint undir fjölskyldusvið. Fjölskyldusvið þjónustar stofnanir með sérfræðiþjónustu, bæði sem er aðkeypt og af starfsfólki sviðsins. Einnig hefur fjölskyldusvið eftirlit með menntastofnunum í gegnum fræðsluráð.

## 7.1 Grunnskóli

Grunnskóli Húnaþings vestra tók formlega til starfa 1. ágúst árið 2000. Hann var stofnaður með sameiningu hinna fjögurra grunnskóla sem starfræktir höfðu verið í Vestur-Húnavatnssýslu, þ.e. Grunnskóla Hvammstanga, Laugarbakkaskóla í Miðfirði, Barnaskóla Staðarhrepps að Reykjum í Hrútafirði og Vesturhópskóla að Þorfinnsstöðum í Vesturhópi.

Veturinn 2000-2001 var skólinn starfræktur á fjórum kennslustöðum, þannig að á Hvammstanga voru nemendur í 1.- 5. bekk, að Reykjum voru nemendur í 1.- 6. bekk, í Vesturhópi voru nemendur

í 1.- 5. bekk og á Laugarbakka voru nemendur í 6.- 10. bekk. Frá haustinu 2001 til vors 2007 starfaði skólinn á tveimur stöðum, nemendur í 1.- 6. bekk á Hvammstanga og nemendur í 7.- 10. bekk á Laugarbakka. Frá haustinu 2007 til vors 2014 var 1.- 4. bekk kennt á Hvammstanga en 5.- 10. bekk á Laugarbakka. Frá haustinu 2014 hefur kennsla farið fram á Hvammstanga og á Borðeyri. Frá haustinu 2016 hefur kennsla farið fram á Hvammstanga.

Árið 2022 var tekin í notkun ný viðbygging við grunnskólann sem einnig hýsir tónlistarskóla.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans má finna á heimasíðu hans:

<https://grunnskoli.hunathing.is/>

## 7.2 Leikskóli

Leikskóli var fyrst rekinn á Hvammstanga yfir sumarmánuðina í húsnæði Grunnskóla Hvammstanga og hófst sú starfsemi 1976. Árið 1979 var opnaður leikskóli að Höfðabraut 25 og tók hann til starfa 15. október sama ár.

Fyrsta skóflustunga að núverandi leikskólahúsnæði að Garðavegi 7 var tekin árið 1987. Leikskólabyggingin var vígð 13. ágúst 1994 og hlaut skólinn nafnið Ásgarður. Tveir þriðju hlutar byggingarinnar voru þá teknir í notkun.

Árið 2002 var allt húsnæðið komið í notkun. Yngsta deild skólans var flutt að Kirkjuvegi 12. febrúar 2006 vegna þrengsla. Nú er svo komið að það þarf að stækka skólann og var tekin skóflustunga að viðbyggingu haustið 2006.

Vorið 2004 var efnt til samkeppni um merki Ásgarðs. Tillaga Steinars Loga Eiríkssonar sem þá var nemandi skólans og fjölskyldu hans var valin. Merkið er sól og má sjá hér ofar á síðunni.

Einnig var leikskóladeild í félagsheimilinu Víðihlíð og var hún tekin í notkun október 2006.

Þann 12. desember 2007 var svo viðbygging við skólann formlega tekin í notkun. Þegar viðbyggingin var tekin í notkun flutti yngsta deildin aftur á Garðavegin og Kirkjuveginum lokað.

Leikskóladeild í félagsheimilinu Víðihlíð var lögð niður júní 2010.

Haustið 2012 var Leik- og grunnskólinn á Borðeyri settur undir skólastjórnendur í Ásgarði.

Leik - og grunnskóli Borðeyrar var lagður niður 2016.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans má finna á heimasíðu hans:

<https://asgardur.leikskolinn.is/>

## 7.3 Tónlistarskóli

Kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs. Einnig gefst ungum nemendum færi á að vera í forskóla þar sem fleiri en einn nemandi stunda nám á sama tíma. Æskilegt er að sem flestir nemendur séu í heilu námi sem eru 60 mínútur á viku.

Samleikur/samsöngur styrkir samkennd nemenda og þjálfar tónlistarfærni. Bóklegar greinar eru kenndar samhliða hljóðfæranáminu. Kennt er eftir gildandi námskrám og samræmdu áfanga prófakerfi. Kennslan miðast alltaf við þroska og getu hvers nemanda.

Aðalnámskráin fyrir tónlistarskóla útgefin árið 2000, tekur á heildarstefnu tónlistarkennslunnar. Hún kveður á um aðbúnað tónlistarskóla, aðstöðu og kennslubúnað. Greinanámskrár tilgreina nám á hvert hljóðfæri fyrir sig ásamt bóklegum greinum.

Hljóðfæraeign og nótnasafn Tónlistarskóla Húnaþings vestra hefur fengið eðlilegt viðhald. Árlega er gerð fjárhagsáætlun fyrir tónlistarskólann og þar er ákveðin upphæð sem ætluð er í endurnýjun hljóðfæra og innanstokksmuna.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans má finna á heimasíðu hans:

<https://grunnskoli.hunathing.is/>

## 7.4 Dreifnám

Fjölskyldusvið aðstoðar nemendur í dreifnámi sem þurf á sértækri þjónustu að halda, s.s. stuðningi. Húnaþing vestra styrkir dreifnámið með húsnæði og búnað.

Nemendur geta stundað dreifnám við FNV frá Hvammstanga. Kennarar eru í kennslustofu á Sauðárkróki en nemendur í stofu í heimabæ. Markmiðið er að nemendur geti lokið í heimabæ almennum greinum iðnbrauta og kjarnagreinum stúdentsbrauta, a.m.k. þeim áföngum sem eru á 1. og 2. þrepi. Nemendur í dreifnámi taka þátt í öllum helstu viðburðum og ferðalögum á vegum skólans.

### Dagleg starfsemi

Nemendur í dreifnámi eru hluti af nemendahópum í FNV. Öll kennsla fer fram gegnum fjarfundabúnað frá Sauðárkróki og eru kennarar staðsettir þar. Umjónarmenn dreifnáms halda utan um starfsemi í heimabæjum. Samskiptavefurinn Moodle er notaður, þar setja kennarar inn efni og nemendur skila verkefnum og sumum prófum þar í gegn. Nemendur í dreifnámi taka öll próf í heimabæjum.

### Námslotur á Sauðárkróki

Nemendur dreifnáms mæta í upphafi annar og hitta alla kennara. Alls eru 4 staðlotur á hverri önn, vika í senn. Staðloturnar eru mikilvægar, en markmiðið með þeim er að tengja saman nemendur og kennara. Auk þess hafa nemendur þá tækifæri til að taka þátt í félagslífi í stærra skólaumhverfi. Viðburðir hjá nemendafélaginu ráðast af dagsetningum staðlotnanna, þannig að nemendur dreifnáms nái að taka þátt í stærstu viðburðum vetrarins. Ferðatilhögun hefur verið á þann veg að nemendur koma með strætó á sunnudagskvöldi og eru á heimavist FNV í fæði og húsnæði og fara svo einnig til baka með strætó á föstudegi eða laugardegi eftir atvikum. Á þessum dögum taka nemendur þátt í hefðbundnum kennslustundum, en geta auk þess nýtt sér þjónustu kennara í verkefnavinnu og einnig nota kennarar þessa tíma ef um verklega þætti er að ræða eða annarskonar vinnu sem betra er að hafa nemendur á staðnum.

## 7.5 Skólabúðir að Reykjum.

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrutafirði haustið 2022. Fjölskyldusvið og fræðsluráð hefur eftirlitshlutverk um faglega starfsemi búðanna.

Skólabúðirnar hafa verið starfræktar um árabíl og koma um 3.200 nemendur úr 7. bekk grunnskóla víða af landinu á hverju ári.

### Meginmarkmið skólabúðanna er:

- að vera leiðandi í forvörnum, þar sem lögd er áhersla á almenna þátttöku og bættu lýðheilsu.
- að auðvelda aðgengi og auka framboð á fræðslu, óformlegu námi og félagsstarfi með þarfir einstaklinga í huga.
- að skapa vettvang til áhrifa.

- að styrkja og efla leiðtogaþæfileika og sjálfsmynd einstaklinga.

## 8. Umbótaáætlun – 3 ára áætlun

Umbótaáætlun er byggð upp sem 3 ára innra mats- og framkvæmdaáætlun sem byggir á vinnu starfsmanna sviðsins, úttekt Jóns Hróa Finnssonar og tillögum og eftirliti félagsmálaráðs og fræðsluráðs. Umbótaáætlun getur einnig tekið mið af stefnubreytingum í lagaumhverfi, ákvörðunum kjörinna fulltrúa og ábendinga frá þjónustunotendum. Umbótaáætlun er lifandi plagg sem er reglulega uppfært og birt formlega í starfsáætlun hvers árs.

Umbótaáætlun er skipt í eftirfarandi flokka:

- Stjórnsýsla, skipulag og mönnun
- Þjónusta og framkvæmd hennar.
- Innra mat og lagalegt umhverfi.

Bláir litir tákna eldri markmið, grænir ný markmið.

### 8.1 Úttekt á fjölskyldusviði

Í ágúst 2021 skilaði Jón Hrói Finnsson skýrslu vegna úttektar á stjórnsýslu fjölskyldusviðs. Í skýrslunni er farið yfir starfsemi, skipulag, stjórnsýslu, fjármál, upplýsingagjöf og þróun, venjur og hefðir. Einnig er lagðar til leiðir til úrbóta og tækifæri til umbóta. Hér að neðan verður fjallað um umbótaáætlun fjölskyldusviðs í samræmi við úttektina og tillögur og viðbætur sem innra mat sviðsins leggur til.

Úttektin byggðist aðallega á viðtölum við lykilstarfsmenn á fjölskyldusviði og yfirstjórn sveitarfélagsins og rýni á fyrirliggjandi gögnum um stjórnskipulag og verklag. Einnig voru skoðaðar lykiltölur Sambands íslenskra sveitarfélaga, tölur úr ársreikningum og bókhaldi.

### 8.2 Stjórnsýsla, skipulag og mönnun

Tækifæri til umbóta	Tillögur og/eða aðgerðir	Ábyrgð	Áætlun og mat
Auglýst tvö störf ráðgjafa og þroskaþjálfara, ráðið í 1,22% af 2.	Virðist vera meiri þjónustubörf en veitt er. Skoðað í samhengi við frumvarp lög um inngildandi menntun.	Sviðsstjóri	Apríl 2025
Ráðgjöf í málefnum fatlaðra	Skoða verkaskiptingu í barnavernd og farsæld	Sviðsstjóri	2024-2025
Starfslýsingar eru ekki til fyrir alla starfsmenn og	Fara yfir starfslýsingar	Sviðsstjóri	Haust 2024



uppfæra þarf ráðningarsamninga í kjölfar breytinga			
Stefnumótun og þróun þjónustu, engin samþykkt stefna er til um þjónustu á verkefnasviðum fjölskyldusviðs	Formgert í starfsáætlun og innra mati. Fræðsluráð og félagsmálaráð hafi eftirlit með starfsemi fjölskyldusviðs. Gæða- og eftirlitsstofnun mun gera gæðaviðmið.	Sviðsstjóri	Haust 2024
Starfsáætlun þarf að gera og ársskýrslu.	Starfsáætlun og ársskýrsla birt.	Sviðsstjóri	Lokið, nema birting.
Boðleiðir og ábyrgðarmörk í starfsmannamálum eru óljós og þarf að skýra.	Farið yfir boðleiðir í endurskoðun skipurits	Sveitarstjóri og sviðsstjórar	Haust 2024
Setja þarf verklagsreglur um kynningu viðkvæmra mála á fundum nefnda, m.t.t. persónuverndar	Gerð verklagsregla í samræmi við persónuverndarstefnu og vinnsluskrá.	Sviðsstjóri	Haust 2024
Vinna þarf í að setja inn í skjalakerfi mál sem ekki eru þar.	Vikulegir teymisfundir nýttir til að taka stöðuna	Sviðsstjóri	Haust 2024
Heilsueflandi samfélag	Áætlun um innleiðingu Heilsueflandi samfélags	Sviðsstóri	Lokið
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Markmið, verkferlar og stefnur Húnaþings vestra yfirfarnar með tilliti til heimsmarkmiða.	Sveitarstjóri og sviðsstjórar	Haust 2024

### 8.3 Þjónusta og framkvæmd hennar

Tækifæri til umbóta	Tillögur og/eða aðgerðir	Ábyrgð	Áætlun og mat
Gæta þarf þess að yfirtaka sveitarfélagsins á þjónustu við fatlað fólk í heimahúsum auki ekki álag á félagsrágjafa	Endurskoðun samnings um málefni fatlaðs fólks. Staðan tekin á álago veturinn 2023-2024	Sviðsstjóri	Vor 2025
Endurskipulagning og upplýsingar á heimasíðu.	Framkvæmdaráð mun fara yfir og samræma heimasíðu	Sveitarstjóri og sviðsstjórar	Haust 2024
Rafrænar umsóknarleiðir	Rafræn eyðublöð á heimasíðu og innleiðing á rafrænum umsóknum um fjárhagsaðstoð	Sviðsstjóri og félagsráðgjafi	Lokið
Starfsendurhæfing	Kanna leiðir til að koma starfsendurhæfingu í nærsamfélagið	Sviðsstjóri	Haust 2024
Samþætta sumardagskrá ungra barna í samvinnu við aðra þjónustuveitendur í sveitarfélaginu	Unnið í farsældarteymi og í samvinnu við íþrótt- og tómsfundafulltrúa.	Sviðsstjóri	Lokið
Samþætt þjónusta við eldri borgara.	Samstarf HVE og Húnaþings vestra	Sviðsstjóri og HVE	Janúar 2025



Fjármögnunarlíkan leik- og grunnskóla.	Samþætt viðmið í samstarfi á Norðurland vestra og Borgarbyggð. Skoðað í samhengi við frumvarp um lög um inngildandi menntun.	Sviðsstjóri	Haust 2024
Endurmenntunaráætlun.	Fræðslustjóri að láni, samvinna á Norðurlandi vestra undir stjórn Farskólans.	Sviðsstjóri og Farskólinn	Haust 2024
Forvarnaáætlun.	Samvinna á Norðurlandi vestra, sveitarfélög og SSNV.	Sviðsstjóri og verkefnastjóri	Lokið
Heimsóknarvinir	Samstarf RKÍ, Þjóðkirkjunnar o.fl. Námskeið haust 2023	Sviðsstjóri	Vor 2025
Lengd viðvera fatlaðra barna.	Unnið í farsældarteymi og í samvinnu við íþrótt- og tómstundafulltrúa.	Sviðsstjóri	Haust 2025
Endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð	Starfsmenn vinna drög og leggja fyrir félagsmálaráð.	Sviðsstjóri	Lokið

## 8.4 Innra mat og lagalegt umhverfi

Tækifæri til umbóta	Tillögur og/eða aðgerðir	Ábyrgð	Áætlun og mat
Innra mat yfirfarið og endurskoðað árlega með starfsfólki sviðsins.	Teymsifundir verða nýttir til að endurskoða starfsáætlun reglulega	Sviðsstjóri	Árlega í starfsáætlun
Starfsemi fjölskyldusviðs yfirfarin og viðmið sett um þjónustu	Tekið fyrir í félagsmálaráði og fræðsluráði	Sviðsstjóri	Árlega í starfsáætlun



